

Reglugerð um ráðstafanir vegna heimsfaraldurs COVID-19

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um Íslandsmót og bikarkeppni BLÍ keppnistímabil 2020-2021. Ákvæði reglugerðar þessarar gilda umfram ákvæði annarra reglugerða ef grípa þarf til ráðstafna vegna COVID-19 faraldursins.

2. gr.

Bikarkeppni BLÍ

Bikarkeppni BLÍ skal leikin í fjórum umferðum. Í fyrstu umferð skulu leiknir jafnmargir leikir og þarf til að 8 lið komist í aðra umferð. Þurfi lið að sitja yfir í fyrstu umferð til þess að fjöldi liða í annarri umferð verði 8 skal draga yfirsetuliðin úr hópi úrvaldeildarliða. Síðan skal draga í 8 liða úrslit (fjórðungsúrslit) meðal þeirra liða sem ekki sitja yfir. Í fyrstu tveimur umferðunum skal liðið í neðri deild fá heimaleikinn. Séu liðin í sömu deild fær það sem fyrr er dregið heimaleikinn. Í undanúrslitum og úrslitum telst það lið sem fyrr er dregið vera heimalið.

3. gr.

Íslandsmót neðri deilda

Í 2.-4. d. kvenna og 2. og 3. d. karla skal leikið í sömu tveimur 6 liða riðlum á fyrstu tveimur helgarmótunum. Leikin skal tvöföld umferð þar sem allir spila við alla. Að loknum tveimur helgarmótum skulu á þriðja helgarmóti 3 efstu liðin úr hvorum riðli spila einfalda umferð allir við alla um sæti 1-6 (þrjú efstu liðin færast á milli deilda) og 3 neðstu liðin úr hvorum riðli spila einfalda umferð allir við alla um sæti 7-12 (þrjú neðstu liðin færast á milli deilda nema í 4. d. kvenna þar sem tvö lið færast niður).

5. og 6. d. kvenna skulu leiknar þannig að allir spila við alla tvöfalda umferð á þremur helgarmótum. Tvö lið færast upp og niður á milli deilda.

4. gr.

Frestun leikja

Mótanefnd skal fresta leik í úrvalsdeild eða 1. deild óski félag eftir frestun ef þrír eða fleiri af sjö hrinuhæstu leikmönnum liðs geta ekki tekið þátt í viðkomandi keppnisleik þar sem þeim hefur verið gert að sæta einangrun eða sóttkví samkvæmt reglugerð heilbrigðisráðherra, eftir að hafa verið greindir með COVID-19 eða verið útsettir fyrir COVID-19 smiti.

Verði íþróttaviðburðir meistaraflokka bannaðir með reglum útgefnum af yfirvöldum eða að sóttvarnarlæknir eða almannavarnir mæli gegn því að kappleikir fari fram vegna heimsfaraldurs COVID-19, skal mótanefnd fresta öllum leikjum á leikjaskrá á þeim tíma sem bannið eða tilmælin taka til.

Vegna helgarmóta í neðri deildum er tekið mið af grein 5 í reglugerð um frestanir leikja.

5. gr.

Nýir leikdagar

Ef þær aðstæður, sem urðu þess valdandi að leik eða leikjum var frestað skv. 4. grein, standa ekki

lengur í vegi fyrir því að leikir geti farið fram, skal mótanefnd BLÍ setja þá leiki sem frestað var á nýja leikdaga innan dagskrár hvers móts. Mótanefnd skal gæta þess að sá tími er líður á milli leikja verði eins rúmur og hægt er og svo jafn sem verða má.

6. gr.

Mótslok

Mótanefnd skal kappkosta við að ljúka móti innan þess ramma sem viðburðadagatal gerir ráð fyrir. Takist ekki að ljúka móti innan þess ramma, er mótanefnd heimilt að framlengja mótið ef líkur eru á, að mati mótanefndar, að hægt verði að ljúka viðkomandi móti.

Mótanefnd er heimilt, telji hún það nauðsynlegt, að flytja leiki í bikarkeppni aftur fyrir lokadag í deildarkeppni.

Þurfi að fresta leikjum skv. 4. grein, skal ljúka deildakeppni, úrslitakeppni og bikarkeppni eigi síðar en 30. júní 2021.

7. gr.

Móti aflýst

Ef sýnt þykir að ekki verði unnt að ljúka Íslandsmóti eða bikarkeppni meistaraflokka samkvæmt leikjaskrá vegna COVID-19 getur mótanefnd lagt það fyrir stjórn BLÍ að aflýsa keppni í öllum deildum. Skal þá eftirfarandi gilda:

- 7.1. Hafi að lágmarki 2/3 hlutar heildarleikja í deildakeppni úrvals- og 1. deildar verið leiknir samkvæmt leikjaskrá ræður meðalfjöldi stiga hvers liðs fyrir sig í hverjum leik sem það hefur lokið á þeim þegar móti er aflýst, endanlegri niðurröðun. Séu lið jöfn að stigum skal erfiðleikastuðull þeirra leikja sem liðin hafa þegar leikið skera úr á milli liða þannig að það lið sem hefur hæstan erfiðleikastuðul skal raðast efst jafnra liða. Hvert lið fær samanlagðan meðalstigafjölda þeirra liða sem það hefur spilað við í erfiðleikastuðul (hafi liðið spilað við eitthvert annað lið oft en einu sinni fær fyrrnefnda liðið meðalstigafjölda þess síðarnefnda jafn oft og þau hafa att kappi). Séu lið enn jöfn skal meðalhruhluþfall í hverjum leik skera úr um röð liða og þar á eftir meðalstigahluþfall í hverjum leik. Telst keppni í Íslandsmóti þar með lokið.
Deildarmeistarar deilda skulu þá krýndir í hvorri deild. Engir Íslandsmeistarar verða krýndir án úrslitakeppni.
- 7.2. Takist ekki að leika 2/3 hluta leikja í deildakeppni úrvals- og 1. deildar áður en keppni er aflýst, verða engir deildarmeistarar krýndir og staða liða við upphaf næsta tímabils verður sú sama og við upphaf þess tímabils sem ekki var hægt að ljúka.
- 7.3. Þurfi að fresta leikjum í neðri deildum, svo ekki sé hægt að klára staka leiki sbr. 6. grein, þó þannig að takist hafi að halda tvö helgarmót skal röðun liða ákvarðast af grein 7.1. Leika skal úrslitakeppni (þriðja helgarmót) í samræmi við röðun liða, sé þess kostur.
- 7.4. Takist að halda tvö helgarmót-í stökum neðri deildum en ekki úrslitakeppni (þriðja helgarmót) skal krýna deildarmeistara þeirra deilda samkvæmt grein 7.1. Færist þá efsta liðið í hvorum riðli í 2.-4. d. kvenna og 2. og 3. d. karla upp um deild og neðsta liðið í hvorum riðli niður. Það lið í 2. sæti í riðlum viðkomandi deildar sem hefur náð betri árangri samkvæmt grein 7.1 færist einnig upp um deild og það lið í 5. sæti í riðlum viðkomandi deildar sem hefur náð verri árangri samkvæmt grein 7.1 færist einnig niður um deild. Engin færsla verður þó milli deilda án þess að allar neðri deildir hjá sama kyni ljúki minnst 2/3 hluta leikja samkvæmt leikjaskrá.
- 7.5. Takist ekki að ljúka bikarkeppninni skal ekkert lið krýnt bikarmeistari

7.6. Mótanefnd leggur tillögur fyrir stjórn BLÍ hvernig ljúka skuli keppni neðri deilda og yngri flokka.

8. gr.

Sektir, brottvísun úr keppni og önnur atvik

Geti lið, sem uppfyllir skilyrði greinar 4, ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt reglugerð BLÍ um Íslandsmót skal hvorki beitt sektum né öðrum viðurlögum.

Stjórn BLÍ hefur lokaákvörðunarvald um öll þau málefni sem reglugerð þessi nær ekki sérstaklega til, og getur þá leitað í aðrar reglugerðir sambandsins eða vinnureglur mótanefndar.

9. gr.

Gildistaka og gildistími

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum BLÍ og öðlast þegar gildi.

Reglugerðin fellur úr gildi 1. júlí 2021.

Reglugerð samþykkt af stjórn BLÍ þann 14. nóvember 2020.